

12
12. jan.

G J A L D S K R Á

fyrir leiðsögu við Ísland.

I. KAFLI

Sumargjaldskrá (á tímabilinu 1. apríl til 30. september).

1. gr.

Gjald fyrir leiðsögu er miðað við djúpristu skipsins og brúttó stærð þess í sambandi við vegaleiðina, sem skipinu er leiðbeint.

2. gr.

Fyrir hvern desimetra allt að 3 metrum, sem skipið ristir (þar sem það liggur dýpst), greiðast 10 aurar. Fyrir hvern dm., sem er fram yfir 3 metra allt að 4 m., greiðist 30 aurar, fyrir hvern dm. fram yfir 4 m. allt að 5 m., greiðist 60 aurar, frá 5—6 m. 100 aurar, en fyrir hvern dm. fram yfir 6 m. greiðist 150 aurar. Brot úr dm. telst sem heill dm.

3. gr.

Fyrir hverja sjómílu eða brot úr sjómílu sem leiðsögumaður leiðbeinir skipum skulu greiddir:

Fyrir skip	allt að 100 smál.	brúttó	60	aurar
— —	100 smál. og þar yfir	allt að	200	75 —
— —	200	— — — —	300	90 —
— —	300	— — — —	400	105 —
— —	400	— — — —	500	120 —
— —	500	— — — —	600	135 —
— —	600	— — — —	700	150 —
— —	700	— — — —	800	165 —
— —	800	— — — —	900	180 —
— —	900	— — — —	1000	195 —
— —	1000	— — — —	1100	210 —
— —	1100	— — — —	1200	225 —
— —	1200	— — — —	1300	235 —
— —	1300	— — — —	1400	245 —
— —	1400	— — — —	1500	255 —
— —	1500	— — — —	1600	260 —
— —	1600	— — — —	1700	265 —
— —	1700	— — — —	1800	270 —
— —	1800	— og meira	275	—

Minnsta leiðsögugjald skal vera 20 kr.

Fyrir skip sem fara eftir fastri áætlun lækka gjöldin um 25%.

Noti skip sama leiðsögumann fram og aftur, greiðast aðeins $\frac{2}{5}$ af vegalengdargjöldunum samkv. þessari gr. fyrir heimleiðina, en heimleið er talin frá síðasta viðkomustað til heimilisstaðar leiðsögumannsins. 12
12. jan.

4. gr.

Nú fer skipið ekki beina leið, heldur stendur það við til þess að fá afgreiðslu, og sé viðstaðan lengri en 6 klst., og á þá leiðsögumaður tilkall til dagpeninga fyrir þann tíma, sem viðstaðan fer fram úr 6 klst. á hverjum stað, og séu dagpeningarnir miðaðir við 1 kr. á klst. Auk þess ber honum fæði fyrir sjálfan sig og hjálparamann, er hann kann að hafa með sér.

5. gr.

Nú fer leiðsögumaður ekki með skipinu heim til sín, heldur fer hann heim í eigin bát. Bera honum þá heimferðarpeningar, sem eru 1 kr. fyrir hverja sjómílu, en hafi hann engan bát og þurfi að fara landveg eða með skipi frá þeirri höfn, þar sem hann yfirgefur skipið, skulu heimferðarpeningar ákveðnar eftir vegalengd og ástæðum og eftir samkomulagi milli skipstjóra og leiðsögumanns. Náist ekki samkomulag, ákveður ráðherra gjaldið, en skipstjóri setur tryggingu fyrir greiðslu þess.

6. gr.

Fyrir leiðsögu um Hvammsfjarðarröst greiðast þessi gjöld:

Fyrir eina ferð um röstina:

Skip minni en 500 smál.	25 kr.
— 500 smál. og meira allt að 700	35 —
— 700 — — — — — 900	45 —
— 900 — — — — — 1100	55 —
— 1100 — — — — — 1300	65 —
— 1300 — — — — — 1500	75 —
— 1500 — — — — — 1800	85 —
— 1800 — og stærri	95 —

Fyrir leiðbeiningar fram og aftur um röstina, enda dvelji leiðsögumaður á skipinu meðan það er á Hvammsfirði:

Skip minni en 500 smál.	38 kr.
— 500 smál. og meira allt að 700	53 —
— 700 — — — — — 900	68 —
— 900 — — — — — 1100	83 —
— 1100 — — — — — 1300	98 —
— 1300 — — — — — 1500	113 —
— 1500 — — — — — 1800	128 —
— 1800 — og stærri	143 —

Auk þessara gjalda greiðist djúpristugjald samkvæmt I. kafla 2. gr. Fyrir skip, sem fara eftir fastri áætlun, lækka gjöldin um 25%.

- 12** Dvelji leiðsögumaður á skipinu samkvæmt beiðni skipstjóra eða verði
12. jan. hann veðurtepptur á því meðan skipið er á Hvammsfirði, fær hann 20 kr. dagpeninga.

II. KAFLI

Vetrargjaldskrá (á tímabilinu 1. október — 31. marz).

7. gr.

Gjöldin samkvæmt 2., 3., 5. og 6. gr. hækka um einn þriðjung, en samkvæmt 4. gr. haldast þau óbreytt.

Gjaldskrá þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 48, 19. júní 1933, um leiðsögu skipa, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. janúar 1934.

Magnús Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.

13
16. jan.

REGLUGERÐ

um útflutning á fiski til Bretlands.

1. gr.

Engan nýjan eða frystan fisk (þar með talin sild) eða óverkaðan saltfisk, má flytja til Bretlands án leyfis atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

2. gr.

Hverri leyfisbeiðni skal fylgja skýrsla um þessi atriði:

1. Með hvaða skipi fiskurinn er sendur.
2. Fiskmagnið ef unnt er.
3. Til hvaða hafnar og firma í Bretlandi fiskurinn er sendur.

3. gr.

Útflytjendur skulu, svo fljótt sem unnt er, afhenda Fiskifélagi Íslands afrit af sölureikningi með tilgreindu magni hverrar fisktegundar og verði. Í reikningnum skal tilgreina þann þunga, sem tilkynntur hefir verið brezka fiskimálaráðuneytinu.

Til bráðabirgða skulu útflytjendur láta umboðsmenn sína í Bretlandi síma Fiskifélaginu magn fiskjarins í enskum vættum (cwts), þegar salan hefir